



Mat á starfinu 2007-2008 Niðurstöður 21. maí 2008

11 nemendur mættir, 8 strákar og 3 stelpur

Af hverju valdir þú heimspekivalið?

„Mér fannst það hljóma áhugavert og fræðandi og gerði mig áhugasama á að velja það“
„Mér fannst það spennandi og óhefðbundið. Öðruvísi en það sem verið er að gera dag eftir dag og reynir öðruvísi á mann“
„Valdi það ekki, var neyddur til að vera í heimspeki“
„Áhugavert að vita út á hvað þetta gengur. Forvitni“
„Því ég vissi ekki hvað það var og var forvitni“
„Vegna þess að mér fannst það hljóma mjög skemmtilega“
„Vegna þess að ég hafði áhuga á að kynna faginu og rökræða og læra rökræna hugsun“
„Því að ég hef áhuga á heimspeki“
„Því ég vildi bæta mig í rökræðslu og kunna að setja heimspekilegt mat á hluti“
„Mig langaði að prófa það“
„Skásta“

Hefur þessi valgrein staðist væntingar þínar?

„Í fyrstu bjóst ég ekki við miklu því að ég vissi ekki mikið hvað maður gerði hér í tímum en já mér er búið að finnast þetta mjög skemmtilegt, fræðandi og bara allt sem hægt er að búast við og ég gæti vel hugsað mér að fræðast meira um heimspeki í framtíðinni“
„Ég er mjög sátt við að hafa farið í heimspeki og finnst ég hafa lært töluvert mikið á því. Þetta er öðruvísi á þann hátt að þetta er „chillaðra“ en ég bjóst við (ekki endalaust það sama og fjölbreytilegt sem ég er að meta)“
„Var ekki að búast við að vera hérna“
„Fleiri lögðu eitthvað fram en ég bjóst við. Ég komst að því hvað þetta gengur út á og þess vegna var ég ekki svikinn.“
„Ég vissi ekkert um heimspeki svo ég get ekki svarað“
„Þetta var mun skemmtilegra en ég bjóst við og ég lærði heilmikið“
„Já, ég sé ekkert eftir því að hafa valið heimspeki hún stóðst allar mínar væntingar og jafnvel meira! Þetta er skemmtilegra en mig grunaði :)“
„Ég hafði ekki hugmynd við hverju ég ætti að búast. Annars var þetta mjög góð skemmtun.“
„Það var eins og ég hélt að myndi vera og það var mjög fínt.“
„Já. Við hugsuðum mikið. Við töluðum líka mikið.“
„Ég hafði enga hugmynd“

Var heimavinna...

Of mikil	1
Hæfileg	9
Of lítil	1

Voru tímarnir... (merktu við allt sem þér finnst eiga við)	
Leiðinlegir	
Skemmtilegir	10
Langdregnir	3
Fljótir að líða	8
Erfiðir	
Auðveldir	3
Athyglisverðir	10
Spennandi	8
Upplífandi	4
Alveg eins og allir aðrir tímar í Garðaskóla	
Allt öðruvísi en aðrir tímar í Garðaskóla	9
Annað	„Tímarnir breyttust eftir stofuskipti. Hefur gluggaleysið áhrif?“ „Sumir tímar voru kannski langdregnir en aðrir ekki svo ég krossa stundum við nokkra valmöguleika“ „svona áhugaverðir finnst mér besta orðið“

Hvað finnst þér þú hafa lært í heimspekinni?
<p>„Ég hef lært að tjá mig betur, hlusta á aðra, koma mínum skoðunum og spurningum á framfæri og mest af öllu kynnt mér hvernig heimspekin er! og það var eitthvað sem ég hafði áhuga á að gera þegar ég valdi mér heimspekina í valfag og þetta finnst mér mjög áhugavert val og öðruvísi =)“</p> <p>„Almennt að rökstyðja það sem ég hef að segja og hlusta betur á skoðanir annarra (þótt ég sé ósammála)“</p> <p>„Ekki neitt“</p> <p>„Skriflegt nám þarf ekki að vera leiðinlegt“</p> <p>„Að gagnrýna það sem er sagt við mig“</p> <p>„Mér finnst ég hafa lært rosalega mikið í heimspeki. Tjá skoðanir sínar, hlusta vel á aðra og virða skoðanir annarra, mér finnst ég líka hafa lært mikið bara um lífið og tilveruna.“</p> <p>„Rökræða, ekki spurning, kynnast krökkum og sjónarmiðum annarra og maður varð minna feiminn =)“</p> <p>„Ég hef lært mjög mikið í heimspeki. Og ég er miklu miklu betri að rökræða en fyrir ári“</p> <p>„Rökfærslu og heimspekilega hugsun“</p> <p>„Gagnrýna hugsun“</p> <p>„Aðrar skoðanir og hugsunarhætti“</p>

Hvað er erfiðast við heimspekinámið?
<p>„Ekkert. Þetta skýrir sig vel á fyrstu mánuðunum“</p> <p>„Ekkert erfitt, bara erfitt að koma orðum að ýmsum hlutum.“</p> <p>„Miserfið umræða, fer eftir því hvað var rætt um“</p> <p>„veit ekki“</p> <p>„veit ekki“</p> <p>„sumt heimanám“</p> <p>„Ritgerðin var örugglega erfiðust, eða ég meina „ritgerðin“ (spurningarnar)“</p> <p>„Ekkert var erfitt eða erfiðara en annað“</p> <p>„WIKI skrifin“</p>

Hvað er skemmtilegast við heimspekinámið?
<p>„Þegar við spjöllum um e-h viðfangsefni og hlustum vel á álit og skoðanir hver annarra og umræðan gengur vel.“ „allt...“ „Lítið um lestur“ „Víðtæka námsefnið“</p> <p>„Tala saman, ekki spurning“ „Umræðurnar“ „Gaman að geta talað um alls konar málefni í litlum hópi“ „Talið“ „Bara hugsa“</p>

Hverju mætti helst breyta við skipulagningu heimspekivalsins?	
Skýrari markmið	1
Meiri einstaklingsvinnu	1
Minni einstaklingsvinnu	1
Meiri vinnu í minni hópum	2
Minni vinnu í minni hópum	2
Meiri samræðu í öllum hópnum	4
Minni samræðu í öllum hópnum	
Meira af skriflegum verkefnum	
Minna af skriflegum verkefnum	5
Meira af textum eftir heimspekinga	3
Fara betur í sögu heimspekinnar	3
Hafa próf	1
Hafa færri tíma í viku	1
Hafa fleiri tíma í viku	3
Meiri rökleikni	
Annað	„Annars er ekkert eitthvað sem þarf mikið að laga“ „Sé ekkert athugavert við skipulagningu“

Hver fannst þér vera athyglisverðustu samræðuefnin sem við tókum fyrir?
<p>„dauðinn og stereótýpur“ „stereótýpur – lýðræði – dauðinn“ „stereótýpur“ „Hvað er feegurð?“ „Það var svo margt“ „Flest allt, sérstaklega feegurð held ég samt“ „Hmmm. Þau voru flestöll mjög athyglisverð“ „Mér fannst rasismi því fólk var sammála um sumt og ósammála um annað“ „stjórnsmál“ „pólitík“</p>

Hver fannst þér vera leiðinlegustu samræðuefnin sem við tókum fyrir?
„Mér er búið að finnast allar bar afrekar áhugaverðar og ef einhverjar voru ekkert spes gerðum við þær áhugaverðar“ „ekkert (maður þarf að víkka út „sjóndeildarhringinn“)“ „Fordómar og trú“ „Pólitík“ „ég veit ekki“ „Þarna um Churchill því ég veit ekkert um hann = (“ „Trúarbrögð“ „Náttúruumræðan því allir misskildu spurninguna“ „ástin“ „stereótýpur“

Myndir þú velja heimspeki aftur ef þú hefðir kost á því?
„Ég mundi velja það aftur vegna þess að þetta var góð reynsla og ég lærði mikið af þessum tímum, og ég lærði líka að standa uppi fyrir mínum skoðunum“ „Já, það myndi ég gera því þetta var eitt það skemmtilegasta í vetur, klárlega og lét mig hugsa um hlutina og fór meira að segja stundum að ræða hluti héðan við matarborðið heima!“ „Já, fínt uppbrot á hefðbundnu námi“ „Já, já, bara sem áhugamál“ „Já, myndi gera það“ „Já, það er gaman, fræðandi og uppbyggilegt“ „Já, því að þetta er áhugavert og skemmtilegt“ „Já, skemmtilegt fag og þú getur lært hvernig á að meta hlutina“ „Já, skemmtilegt“ „Já“